

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS- OG BÚSTAÐAHVERFIS

Ár 2015, mánudagurinn 19. janúar var haldinn 128. fundur hverfisráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis og hófst hann kl 15:30 í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Mættir: Hörður Oddfríðarson, Elín Oddný Sigurðardóttir, Sverrir Þór Sverrisson, Hjalti Sigurðarson (varamaður Elinóru Ingu Sigurðardóttur) og Kristín Erna Arnardóttir (varamaður Dóru Magnúsdóttur). Áheyrnafulltrúi: Snorri Þorvaldsson. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Valgerður Sólveig Pálsdóttir frá Íbúasamtökum Háaleitis, Aðalbjörg Traustadóttir framkvæmdastjóri PLH og Baldur Örn Arnarson sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins undir dagskrárlíð nr. 3 var Þór Steinarsson, aðstoðarmaður sviðsstjóra á Umhverfis- og Skipulagssviði.

Þetta gerðist:

1. Skrifað undir styrktarsamninga við foreldrafélög Breiðagerðis- og Háaleitisskóla. Foreldrafélag Breiðagerðisskóla hlaut 80.000kr styrk vegna Hausthátíðar Breiðagerðisskóla árið 2015. Foreldrafélag Háaleitisskóla hlaut tvo styrki, samtals að upphæð 352.000 kr. Styrkjunum verður varið til kaupa á bingóvél, magnarboxi og hljóðnema.
2. Farið yfir þær hugmyndir sem íbúum Háaleitis-, Fossvogs- og Bústaðahverfis gefst kostur á að kjósa á milli í verkefninu Betri hverfi. Kosningin fer fram dagana 17-24 febrúar nk.
3. Þór Steinarsson var gestur fundarins undir þriðja dagskrárlíð. Þór er nýr tengiliður hverfisráðsins við Umhverfis- og Skipulagssvið Reykjavíkurborgar. Rætt var um hlutverk Þórs sem tengiliðs ráðsins.

Fundi slitið kl. 16:30

Hörður Oddfríðarson (Sign)

Kristín Erna Arnardóttir (Sign)
Hjalti Sigurðarson (Sign)

Sverrir Þór Sverrisson (Sign)
Elín Oddný Sigurðardóttir (Sign)